

Tillögur til 29. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

1. Lágmarks félagsgjöld í Landssamband smábátæigenda verði 30 þúsund á bát.
2. Standa skal vörð um byggðakvótann. Verði byggðakvóta einungis úthlutað til dagróðrabáta og verði ívilnun við löndun í heimabyggð báts.

Farsæll

*Aðalfundur Farsæls, félags smábátæigenda í Vestmannaeyjum,
haldinn 2. október 2013, samþykkti eftirfarandi:*

3. Aðalfundur Farsæls vill óbreytt lágmarks félagsgjöld til LS.
4. Sérstakt veiðigjald verði frítt af fyrstu 100 tonnum og ½ gjald frá 100 að 200 tonnum.
5. Aðalfundur Farsæls vill að aldrei verði hægt að draga frá meira en 3% vegna íss.
6. Snurvoð verði bönnuð innan 3ja sm. frá suðurströndinni.
7. LS beiti sér fyrir því að Bárðarhugmyndin svokallaða verði að veruleika.

8. LS mótmæli lokun símakróks. Til vara að AIS og tilkynning út og inn verði notað.
9. Aðalfundur Farsæls er alfarið á móti byggðakvóta.

Árborg

Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi, haldinn 17. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

10. Árborg leggur til að fyrstu 100 tonninn verði frí sérstöku veiðigjaldi og hálf gald á næstu 100 tonn.
11. Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi samþykkir tillögu stjórnar LS um að lækka ferða- og dvalarstyrki ásamt dagpeningum vegna aðalfunda LS um 50%.

Reykjanes

Aðalfundur Reykjanes, félags smábátæigenda á Reykjanesi, haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

12. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að LS kanni hvernig Verðlagsstofa ákveði fiskverð.

Greinargerð

Þróun viðmiðunarverðs Verðlagsstofu sem hlutfall af meðalverði á fiskmörkuðum hefur á undanförunum misserum skekkt samkeppnisstöðu útgerða. Kjör sjómanna á bátum þar sem gert er upp samkvæmt viðmiðunarverði eru því ekki í neinu samræmi við laun starfsbræðra þeirra þar sem landað er á markaði.

Útgerðir sem borga eftir verðlagsstofuverði eru að borga lægri aflagjöld og minna til LS vegna þess að verðlagsstofuverð er svo lágt.

13. Reykjanes skorar á ráðherra að færa VS afla í sitt gamla horf, eitt heildartímabil en ekki fjögur eins og er í dag.
14. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að banna togveiðar innan 6 sjómílna frá landi.
15. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes leggur til að krókaafلامarksútgerðum verði heimilað að láta frá sér krókaafلامark í ufsa í skiptum fyrir aflamark í öðrum tegundum.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátæigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

16. Báran styður hvalveiðar.
17. Báran mótmælir lúðuveiðibanni.
18. Báran leggur til að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta og beiti sér fyrir því að framlag minni útgerða sé að fullu metið við brautryðjendastarf við veiðar á nýjum og vannýttum tegundum. Jafnframt að LS beiti sér fyrir bættri samkeppnisstöðu minni útgerða og smábáta við frumkvöðlastarf og viðurkenni og verji hagsmuni frumkvöðla komi til takmarkana á veiðum þegar frumkvöðlar hafa skapað ný tækifæri fyrir smábáta.

Reykjavík

*Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,
haldinn 16. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

19. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að eignarhaldsákvæði varðandi strandveiðar verði numið úr gildi.
20. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur ályktar að lágmarksgjald félagsmanna í LS sé 20.000 kr. á ári.

Sæljón

*Aðalfundur Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi,
haldinn 1. október 2013, samþykkti eftirfarandi:*

21. **Greiðslumiðlun**

Aðalfundur Sæljóns skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar sem taka á gildi um næstu áramót.

Telur fundurinn að þessar breytingar hafi verið mikil mistök og gerðar vegna þrýstings frá aðilum sem vilja gera öðrum erfitt um vik. Greiðslumiðlunin hefur marga kosti fyrir smábátasjómenn, t.d. í sambandi við tryggingar og lífeyrismál. Hætta er á að margt fari úr böndum við þessar breytingar.

22. **Verðlagning á fiski**

Aðalfundur Sæljóns ályktar að nauðsyn sé á að verðlagning á fiskmörkuðum verði tekin til athugunar. Beinir fundurinn því til LS að farið verði ítarlega í saumana á þessu máli. Krafa er gerð um það að ávallt komi fram hver kaupfi fiskinn og á hvaða verði. Óeðlilegar sveiflur á verði benda til að „something is rotten in the state of Denmark“.

23. **Byggðakvóti**

Fundurinn ályktar að þörf sé á endurskoðun á reglum um úthlutun byggðakvóta. Ekki sé viðunandi að smábátaútgerð á Akranesi sitji ekki við sama borð og aðrir hvað þetta varðar.

24. **Veiðigjöld**

Fundurinn mótmælir alltof háum gjöldum á smábátaútgerðina og krefst þess að þau verði endurskoðuð og þau taki mið af afkomu sbr. skattaskýrslu.

25. **Umgengni og meðferð afla**

Fundurinn beinir því til aðalfundar LS að umgengni og meðferð á fiski sé í hávegum höfð og ályktanir gerðar þar um. Mikil áhersla sé á hreinlæti og kælingu. Það skýtur því skökku við að koma að bryggju og þurfa að landa í illa þvegin og langlyktandi ílát frá fiskmörkuðunum.

26. **Framtíð LS**

Fundurinn lýsir yfir áhyggjum af framtíð LS og hvetur smábátasjómenn til þess að standa einhuga vörð um félagið.

Tekur fundurinn undir tillögu frá Fonti, „Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér“.

27. **Reglugerðarlokanir**

Á fundinum kom fram óánægja með reglugerðarlokanir sem sumar eru komnar vel til ára sinna.

Rök fyrir þessum lokunum eru vægast sagt léttvægar. Margt bendir til að þær hafi verið settar vegna þrýstings frá aðilum sem vildu sitja einir að kökunni.

Snæfell

*Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi,
haldinn 15. september 2013, samþykkti eftirfarandi:*

28. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því að skiptakjör á smábátum verði leiðrétt með hliðsjón af því hvort bátar landi á fiskmarkað eða í beinum viðskiptum á verðlagsstofuverði.
29. Aðalfundur Snæfells ályktar að svokölluð „Bárðarhugmynd“ sem margir þekkja verði samþykkt á aðalfundi LS. „Bárðarhugmynd er að krókabátar veiði í þorskígildum þá tegund fiskjar sem þeir vilji og verði þorskígildisstuðlar notaðir til viðmiðunar. Þ.e. til dæmis, veiði menn 1 kg af ýsu þá notist til þess 1,2 kg af þorski og svo framvegis. Þetta geti orðið til þess að bátar geti stundað veiðar á heimaslóð þar sem takmarkaðar heimildir séu til af t.d ýsu, blálöngu og fl.
30. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir breytingu á reglugerð um löndun afla, þannig að aldrei verði hægt að draga ís eða ísprósentu umfram 3% frá, svo að ekki komi til skerðingar á heildarsóknarpotti s.s. í makríl, síld og strandveiðum.
31. Aðalfundur Snæfells ályktar að núverandi netalína í innanverðum Breiðafirði verði felld úr gildi. Umrædd lína hafi verið sett þegar engin fiskveiðifriðun hafi verið og eigi því ekki við í dag.
32. Aðalfundur Snæfells ályktar að fækka beri í stjórn LS og þau aðildarfélög sem eru með færri en 30-40 báta (félagsmenn) sameinist því félagi sem næst því er.
33. Aðalfundur Snæfells ályktar að lámarksgjald hvers félagsmanns (báts) í LS verði að krónum 50.000 - fimmtíu þúsund krónur -
34. Aðalfundur Snæfells ályktar að bátar fái ekki úthlutað byggðakvóta sem leigt hafa frá sér aflaheimildir á undangengnu fiskveiðiári umfram það sem þeir leigðu til sín.

35. Aðalfundur Snæfells ályktar að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.
36. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundatilfærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.a. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga þó að hámarki 5% eins og það var.

Rökin fyrir þessu eru: Að menn sjái sér hag í því að láta ufsa í krókakerfinu detta niður dauðann sem er þvert á tilgang fiskveiðilaga frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 21. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

37. Aðalfundur Króks hvetur stjórn LS eindregið til að fylgja eftir stefnumiðum og samþykktum Landssambandsins á umliðnum árum. Fundurinn lítur svo á að LS hafa verið í gegnum árin gæfa útgerðar smábáta og ein traustasta stoð sjávarbyggða vítt og breitt um landið.
38. Aðalfundur Króks beinir þeirri áskorun til stjórnar LS að tryggja framgang alþjóða smábátamerkisins hér eftir sem hingað til.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 22. september 2013 samþykkti eftirfarandi:

39. Áfram skal unnið að því að línuívilnun komi á alla dagróðabáta.
40. Félagsgjöld skulu áfram vera 0,5% af aflaverðmæti. Félagar eru hvattir til að nýta sér greiðslumiðlun fiskkaupenda - lágmarksgjald skal þó vera 30 þúsund á ári og er gjalddagi 15/9 á hverju ári.
41. Aðalfundur Eldingar skorar á Örn Pálsson að bjóða sig fram sem formann.
42. Aðalfundur Eldingar skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að beita sér í því að þorskvótinn verði aukinn nú þegar í 250 þúsund tonn.
43. Aðalfundur Eldingar samþykkir að VS-afla verði hægt að skipta í þrennt - 40% fari í AVS, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánafnað líknarsamtökum, góðgerðarsamtökum eða styrktarsjóðum 40%.
44. Allir krókabátar fái ívilnun, þar með taldir handfærabátar.

Strandir

Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu, haldinn 22. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

45. Aðalfundur Stranda ályktar að byggðakvóta verði breytt þannig að hann komi eftirleiðis sem ívilnun á landaðan afla.

Skalli

Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra, haldinn 30. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

46. Aðalfundur Skalla samþykkir tillögu stjórnar LS um að lækka ferða- og dvalarstyrki ásamt dagpeningum vegna aðalfunda LS um 50%.
47. Aðalfundur Skalla skorar á Sigurð I. Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að láta opna nú þegar lokað hólf á Fljótagrunni, reglugerð nr. 742/2009, og tekur undir ályktun aðalfundar Snæfells frá 15.09.2013 um að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.
48. Aðalfundur Skalla skorar á LS að beita sér fyrir því að gerð verði formleg skoðanakönnun meðal félagsmanna LS á afstöðu þeirra til rannsóknaaðferða og ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar.
49. Aðalfundur Skalla ályktar að ekki verði kvikað frá þeirri reglugerð sem nú er í gildi varðandi bann við veiðum í dragnót innan núverandi línu sem dregin er úr Ásnefi í Málmey.

Klettur

Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes, haldinn 29. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

50. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar þorskvóta í samræmi við aflareglu.
51. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

52. Aðalfundur Kletts leggur til að starfsnefndir LS verði lagðar niður og stjórn taki yfir þau verkefni sem nefndirnar hafa unnið.
53. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar.
54. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðárið eitt tímabil.
55. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfá falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.
56. Aðalfundur Kletts leggur til að tekið verði upp lágmarksfélagsgjald í LS.
57. Aðalfundur Kletts leggur til að ákvæði í reglugerð um byggðakvóta þar sem staðfestur samningur um vinnslu, staðfestur af sveitarfélagi skuli liggja fyrir við umsókn um byggðakvóta sem skilyrði, verði fellt úr reglugerð.

Fontur

Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi, haldinn 25. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

58. **Sameinaðir stöndum vér**

Aðalfundur Fonts hvetur alla smábátamenn til að flykkja sér að baki LS og standa þannig sem bestan vörð um hagsmuni smábáta í þeirri hagsmunabaráttu sem frammundan er. Fundurinn vill minna smábátæigendur á hvað LS hefur áorkað í þágu smábátæigenda. sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér.

59. Aðild að Bjargráðasjóði

Aðalfundur Fonts hvetur LS til að óska eftir aðild að Bjargráðasjóði fyrir hönd sinna félagsmanna. Þeir félagsmenn sem þess óska greiði síðan félagsgjald í sjóðinn og gerist við það fullgildir félagsmenn með þeim réttindum og skyldum sem fylgja Bjargráðasjóði.

Greinargerð

Fundurinn telur að með þátttöku í Bjargráðasjóði megi koma í veg fyrir stór skakkaföll sem tryggingar ná ekki yfir, svo sem það veiðarfæratið sem getur orðið við eina öfluga brælu og einnig þær aðstæður sem geta komið upp varðandi gríðarlega sölutregðu á afurð sem sýndi sig þegar allt í einu stoppaði sala á grásleppuhrognum fyrir vertíðina 2012 og margir ef ekki allflestir urðu fyrir gríðarlegu fjárhagslegu tjóni sökum þess. Fyrir vertíðina 2012 benti ekkert annað til en að verð og sala á grásleppuhrognum yrði í góðu lagi.

60. Frítekjumark

Aðalfundur Fonts leggur til að frítekjumark fyrir sérstakt veiðigjald verði 100 tonn og hálf gjald greiðist að næstu 100 tonnum.

61. Veiðiskylda

Aðalfundur Fonts krefst þess að fellt verði út ákvæði laga um að hlutdeild endurnýist ekki ef bátur nær ekki veiðiskyldu.

62. Byggðakvóti

Aðalfundur Fonts krefst þess að byggðakvóti verði eingöngu fyrir dagróðrabáta og komi til aukningar á aflamarki við löndun.

63. Greiðslumiðlun

Aðalfundur Fonts skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar til 1. janúar 2015.